



HJÓLREIÐASAMBAND ÍSLANDS

Keppnisreglur HRÍ

Uppfærðar 4. maí 2022

Efnisyfirlit:

Kafli 1 - Almennar upplýsingar	2
1.1 Skilgreiningar	2
1.2 Gildissvið	2
1.3 Keppnisgreinar innan HRÍ	3
Götuþjólagreinar	3
Fjallahjólagreinar	3
Cyclo-Cross	3
1.4 Keppnisdagatal	3
1.5 Keppnishaldari	3
1.6 Tímataka og dómgæsla	4
1.7 Úrslit og kærur	5
1.8 Auglýsingar	6
Kafli 2 - Almennar keppnisreglur	7
2.1 Íslandsmeistari	7
2.2 Bikarmót	7
2.3 Keppnisreglur sem gilda í öllum greinum hjólreiða innan HRÍ	8
2.4 Lyfjaeftirlit	9
2.5 Reglur um hjól og búnað	9
2.6 Tækniframfarir	11
Kafli 3 - Flokkar í hjólreiðum	12
3.1 Tafla með aldursflokkum.	12
3.2 Flokkar í hjólreiðum.	12
3.3 Viðmiðunartafla fyrir keppnislengdir.	15
Kafli 4 - Götuþjólagreinar	17
4.1 Götuþjólagreinar	17
4.2 Götuþjólreiðar (RR)	17

4.3 Criterium (hringkeppnir) - viðbótarreglur	18
4.4 Fjöldægrakeppnir - viðbótarreglur	19
4.7 Tímataka - viðbótarreglur	20
4.8 Liðatímataka - viðbótarreglur	21
Kafli 5 - Fjallahjólagreinar	22
5.1 Almennar reglur í fjallahjólageinum	22
5.2 Fjallahjólreiðar (XCO) og maraþonfjallahjólreiðar (XCM)	23
5.3 Fjallabrun (Downhill)	23
5.4 Enduro	25
Kafli 6 - Cyclo-Cross	26
6.1 Keppnisreglur í Cyclocross	26
6.2 Keppnisbraut	26

Kafli 1 - Almennar upplýsingar

1.1 Skilgreiningar

1. *HRÍ*: Meirihluti stjórnar Hjólreiðasambands Íslands
2. *Keppnishaldari*: Viðurkenndur aðili af HRÍ, til dæmis aðildarfélag eða mótsstjórn.
3. *Keppnishandbók*: Ítarlegar upplýsingar um viðkomandi keppni þar sem fram kemur a.m.k. rástími, flokkar, vegalengd og leiðarlýsing auk annarra nauðsynlegra upplýsinga fyrir keppendur.
4. *Mótsstjórn*: Keppnisstjóri og keppnishaldari. Ef þörf krefur er unnt að skipa fleiri aðila í mótsstjórn.
5. *Dómari*: Eftirlitsaðili á vegum HRÍ.
6. *Þátttakandi*: Keppandi, áhorfandi, þjálfari, aðstoðarmaður keppanda, dómari, starfsmaður á vegum keppnishaldara, fjölmiðlafulltrúi o.þ.h.
7. *Keppnisstjóri*: Sá aðili sem er í forsvari fyrir keppnishaldara og er skráður tengiliður samkvæmt keppnishandbók.
8. *Keppandi*: Hjólreiðamaður eða -kona sem skráð/ur er í hjólreiðakeppni.
9. *Ferjuleið*: Hluti af keppnisbraut sem notaður er til að komast á milli sérleiða. Ferjuleið telur ekki til heildartíma.
10. *Sérleið*: Hluti af keppnisbraut sem er tímamældur.
11. *Fylgdarbíll*: Ökutæki sem ekki er á vegum mótsstjórnar en tengist keppanda eða keppendum í keppni.

1.2 Gildissvið

Reglur þessar gilda eingöngu um Íslandsmót og bikarmót sem haldin eru innan HRÍ. HRÍ mælist þó til þess að þessar reglur gildi í öllum hjólreiðamótum á Íslandi.

1.3 Keppnisgreinar innan HRÍ

Götuhjólagreinar

Götuhjólreiðar
Criterium
Tímataka
Liðatímataka

Fjallahjólagreinar

Ólympískar fjallahjólreiðar XCO
Marabonfjallahjólreiðar XCM
Fjallabrun DH
Enduro

Cyclo-Cross

1.4 Keppnisdagatal

1.4.1 Keppnisdagatal HRÍ er listi í tímaröð yfir bikar- og Íslandsmót sem haldin eru innan HRÍ. Keppnisdagatalið skal vera aðgengilegt á vefsíðu HRÍ.

1.4.2 Drög að keppnisdagskrá skulu liggja fyrir á síðasta formannafundi árið áður. Keppnisdagskrá HRÍ skal fullbúin og kynnt tveimur vikum fyrir Hjólreiðaping.

1.4.3 Keppnishaldari getur óskað eftir að halda bikarmót eða Íslandsmót. Mótanefnd og stjórn HRÍ ákveða hvaða mót gilda til stiga í mótarið.

1.4.4 Umsókn um bikarmót og Íslandsmót skulu fylgja upplýsingar um í hvaða grein skal keppt, keppnisfyrirkomulag og drög að keppnisbraut með áætluðum vegalengdum fyrir hvern flokk.

1.4.5 Í undantekningartilvikum getur HRÍ heimilað smávægilegar breytingar á keppnisdagatali eftir að það er gefið út, til dæmis varðandi dagsetningu keppni, vegalengd, flokka eða ef keppni er aflýst. Allar breytingar skulu tilkynntar á vefsíðu HRÍ. Mótanefnd HRÍ skal sjá til þess að tilkynningu verði sett á vefsíðu.

1.4.6 Keppnishaldari skal auglýsa og kynna viðkomandi keppni með því nafni sem fram kemur á keppnisdagatali HRÍ. Keppnishaldari getur óskað eftir að breyta nafni á keppni eftir að keppnisdagatal er gefið út, sömuleiðis getur HRÍ óskað eftir nafnabreytingu, til dæmis til að koma í veg fyrir misskilning eða nafnarugling við aðra keppni. Keppnishaldari skal forðast að auglýsa eða kynna keppni sína þannig að hún hafi aðra stöðu en hún hefur.

1.4.7 Skráning keppni á keppnisdagskrá HRÍ felur í sér að keppnishaldari hafi leyfi hjólreiðasambandsins til að halda keppnina en felur ekki í sér að UCI eða HRÍ beri ábyrgð á framkvæmd og skipulagi keppninnar.

1.5 Keppnishaldari

1.5.1 Keppnishaldari skal viðurkenndur af HRÍ samkvæmt lögum þess.

1.5.2 Keppnishaldari ber einn ábyrgð á skipulagi og framkvæmd keppni í samræmi við reglur HRÍ gagnvart keppendum, þjálfurum, aðstoðarfólki, dómurum og áhorfendum. Keppnishaldari getur leitað til HRÍ sé eitthvað óljóst í keppnisreglum HRÍ.

Fyrir bikarmót og Íslandsmót tekur HRÍ gjald að fjárhæð 1.000 kr. fyrir hvern keppanda 19 ára og eldri.

1.5.3 Á bikarmótum og Íslandsmótum útvegar og greiðir HRÍ fyrir verðlaunagripi, tímatökubúnað og dómara.

1.5.4 Keppnishaldari skal tryggja eftir fremsta megni að ýtrasta öryggis sé gætt. Keppnishaldari skal tryggja að keppni fari fram við eins góðar aðstæður og hægt er fyrir alla sem að keppninni koma. Hér er meðal annars átt við keppendur, áhorfendur, þjálfara, aðstoðarfólk, dómara, starfsmenn, sjúkráþjónustu og björgunarsveitir.

1.5.5 HRÍ er heimilt að skipa eftirlitsaðila með keppnum til að taka út framkvæmd mótshaldara.

1.5.6 Keppnishaldari skal gefa út keppnishandbók um viðkomandi keppni og skal hún vera birt að minnsta kosti viku áður en skráningu lýkur. HRÍ getur krafist endurbóta teljist keppnishandbók ekki innihalda nauðsynlegar upplýsingar að mati HRÍ. Hægt er að finna sniðmát að keppnishandbók á vefsíðu HRÍ ásamt leiðbeiningum um hvaða grunnupplýsingar verða að koma fram í handbókinni.

1.5.7 Öll keppnisgjöld skulu greidd við skráningu og er keppnishaldara heimilt að hafna greiðslu og þar af leiðandi skráningu frá keppanda sem berst eftir auglýstan greiðslufrest. Keppnishaldari getur einnig meinað keppanda þátttöku hafi hann ekki greitt keppnisgjald eða vegna skulda keppanda frá fyrri keppnum.

1.5.8 Keppnishaldari hefur alla yfirstjórn á keppnissvæðinu og þarf að tryggja nægilegt öryggi keppenda og áhorfenda í samráði við lögreglu og Vegagerðina, eftir því sem við á. Keppnishaldari skal útvega öll tilskilin leyfi fyrir keppni fyrir notkun vega og landsvæðis.

1.5.9 Keppnishaldari skal tryggja að keppnisbraut og keppnissvæði bjóði ekki upp á staði eða aðstæður þar sem öryggi keppenda, áhorfenda, dómara, starfsmanna og annarra er stefnt í hættu. Yfirdómari getur skilgreint slíkar aðstæður.

1.5.10 Í samráði við HRÍ getur keppnishaldari ákveðið að fresta, aflýsa eða stöðva keppni vegna ófyrirsjáanlegra aðstæðna. Sé móti frestað skal keppnishaldari ákveða nýja tímasetningu í samráði við HRÍ.

1.6 Tímataka og dómgæsla

1.6.1 HRÍ gerir þjónustusamning um tímátöku fyrir bikarmót og Íslandsmót. HRÍ ber kostnað af leigu á tímátökubúnaði og starfsmanni.

1.6.2 Í götuhjólreiðum skal hafa endamarksmyndavél.

Þegar endamarksmyndavél er notuð skal vera svört marklína á hvítum grunni. Keppandi telst kominn í mark þegar fremsti hluti reiðhjóls er í beinni línu við svarta flöt marklínunnar.

Sé endamarksmyndavél ekki til staðar skal röðun úr rafrænni tímátöku ráða úrslitum. Nákvæmni tímátökubúnaðar skal vera að minnsta kosti 1/200 úr sekúndu.

Sé munur á milli keppenda undir 1/200 úr sekúndu teljast keppendur jafnir og deila sæti.

1.6.3 Dómari skal vera viðstaddur öll Íslandsmót.

1.6.4 Dómari skal vera viðstaddur bikarmót þegar keppendafjöldi fer yfir 50 en HRÍ getur ákveðið að senda dómara á staðinn þó keppendur séu færri.

1.6.5 Þegar dómari er ekki á mótstað skal vera tilgreindur fjardómari, sem keppnishaldari getur haft samband við símleiðis, komi upp ágreiningsmál sem bera þarf undir dómara.

1.6.6 HRÍ greiðir laun dómara. Ekki er greitt fyrir ferðakostnað nema fjarlægð frá heimili dómara fari yfir viðmiðunarmörk sem skilgreind eru í samningi dómara við HRÍ.

1.6.7 Þegar keppni fer fram á akbraut skal mótshaldari útvega dómaraþíl og bílstjóra. Bíllinn skal uppfylla allar reglur um fylgdarbíla (sjá sér handbók með reglum fyrir fylgdarbíla.).

1.6.8 Dómari hefur heimild til að dæma keppenda úr keppni brjóti viðkomandi einhverja af keppnisreglum HRÍ.

1.6.9 Nánari upplýsingar um hlutverk dómara má finna í handbók dómara sem aðgengileg er á vefsíðu HRÍ.

1.6.10 HRÍ getur leiðrétt röð keppenda (leiðrétt úrslit lifandi tímatöku) innan viku frá birtingu þeirra komi eitthvað fram sem sýnir fram á að röð keppenda hafi verið röng.

1.7 Úrslit og kærur

1.7.1 Úrslit sem birtast jafnóðum í lifandi tímatöku eru ekki staðfest úrslit. Úrslit eru ekki staðfest fyrr en yfirdómari hefur afgreitt þær kærur sem berast innan 30 mínútna eftir að síðasti keppandi kemur í mark. Staðfest úrslit eru kynnt í verðlaunaafhendingu og svo birt á hri.is.

1.7.2 Kærufrestur vegna atvika í keppni er 30 mínútum eftir að keppandi kemur í mark. Sé atvik kært hafa dómara 60 mínútna frest frá því að síðasti keppandi kemur í mark til að ákveða hvort kæra verður tekin til greina. Verði kæra tekin til greina hafa dómara frest til miðnættis næsta dag til að kveða upp úrskurð.

1.7.3 Verði keppandi var við brot á reglu í keppni ber honum að tilkynna keppnisstjóra eða yfirdómara það innan 30 mínútna frá því að hann lauk keppni. Yfirdómari túlkar reglurnar, tekur við ábendingum, kvörtunum og kærum og ákveður brottvísun úr keppni.

1.7.4 Yfirdómara er þó heimilt að víkja frá reglu 1.7.3 meti hann aðstæður svo að þörf sé á að taka ábendingu til formlegrar umfjöllunar.

1.7.5 Þegar meint brot á keppnisreglum er kært þarf eftirfarandi að koma fram í kæru:

1. Hvaða keppnisregla er talin hafa verið brotin.
2. Hvar og hvenær hafi viðkomandi brot átt sér stað.
3. Hverjir hafi orðið uppvísir að broti.
4. Nákvæm lýsing á broti.

1.7.7 Sé til myndband eða myndir sem sýna brotið má koma því til eða sýna yfirdómara og keppnisstjórn það þegar kæran er lögð fram. Myndefnið er þá skilgreint sem sönnunargagn og skal ekki fara í almenna dreifingu.

1.7.8 Úrskurður yfirdómara er bindandi. Unnt er að kæra úrskurð til Dómara- og aganefndar HRÍ viku frá því að atvið á sér stað, sem tekur málið fyrir og skal skila niðurstöðu ekki seinna en tveimur vikum eftir mót.

1.7.9 Geri keppandi athugasemd við tíma í staðfestum úrslitum ber keppnisstjóra að taka slíkar athugasemdir strax til umfjöllunar. Athugasemd verður að berast eigi síðar en einni viku eftir að staðfest úrslit voru birt á vef HRÍ.

1.8 Auglýsingar

1.8.1 Í samræmi [reglugerð ÍSÍ um auglýsingar](#) er keppanda, aðildarfélagi, liði eða keppnishaldara óheimilt að auglýsa eða tengja sig við vörumerki sem tengjast tóbaki, áfengi, klámi eða öðrum vörum eða vörumerkjum sem geta skaðað ímynd HRÍ eða hjólreiða á Íslandi.

Brot á grein 1.8.1 getur leitt til þess að:

1. Keppanda sé meinuð þátttaka í keppni.
2. Félagi sé meinuð þátttaka í keppni.
3. Liði sé meinuð þátttaka í keppni.
4. Keppni sé fjarlægð af keppnisdagskrá HRÍ.



Kafli 2 - Almennar keppnisreglur

2.1 Íslandsmeistari

2.1.1 Rétt til þátttöku á Íslandsmótum hafa íslenskir ríkisborgarar sem eru fullgildir meðlimir í viðurkenndu hjólreiðafélagi eða hjólreiðadeild innan vébanda ÍSí (skráð í umsónarkerfi ÍSí). Sá sem öðlast Íslenskan ríkisborgararétt frá og með 1. janúar á keppnisárinu getur keppt um Íslandsmeistaratitil.

2.1.2 Erlendur ríkisborgari öðlast ekki þátttökurétt á Íslandsmóti fyrr en eftir að hafa átt lögheimili á Íslandi í þrjú ár, að því gefnu að viðkomandi sé fullgildur meðlimur í félagi innan ÍSí.

2.1.3 Sigurvegari á Íslandsmóti í hverri grein hlýtur titilinn Íslandsmeistari sem viðkomandi ber þangað til næsta Íslandsmót í þeirri grein fer fram. Ungmennaflokkar veita titil að viðbættum flokki. Í fullorðinsflokkum veitir einungis sigur í A-Flokki (Elite) titilinn Íslandsmeistari.

2.1.4 HRÍ veitir Íslandsmeisturum í Elite-flokkum karla og kvenna Íslandsmeistaratreyju við afhendingu verðlauna.

Íslandsmeistara er að auki heimilt að framleiða sína eigin Íslandsmeistaratreyju í samráði við HRÍ og nota hana meðan viðkomandi er ríkjandi Íslandsmeistari.

2.1.5 Íslandsmeistara er einungis heimilt að keppa í Íslandsmeistaratreyju sé viðkomandi ríkjandi Íslandsmeistari í þeirri keppnisgrein. Ekki má keppa í Íslandsmeistaratreyju á Íslandsmóti, enda er þá verið að keppa um Íslandsmeistaratitil.

2.1.6 Fyrrum Íslandsmeistara er heimilt að hafa fánarendur á keppnisgalla og hjóli sem tákna að hann sé fyrrum Íslandsmeistari, þó hann sé ekki ríkjandi Íslandsmeistari. Þetta skal gert í samráði við HRÍ.

2.2 Bikarmót

2.2.1 Rétt til þátttöku á bikarmótum hafa fullgildir meðlimir í viðurkenndu hjólreiðafélagi eða hjólreiðadeild innan vébanda ÍSí (skráð í umsónarkerfi ÍSí).

2.2.2 HRÍ hefur heimild til að leyfa þátttöku erlendra hjólreiðamanna og aðila utan íþróttahreyfingarinnar í mótum. Þeir aðilar safna ekki stigum í bikarmótaröð, en geta talist sigurvegarar mótsins. Sé erlendur keppandi sigurvegari móts fær viðkomandi engin stig og sá Íslendingur sem hæstur er á lista fær fullt hús stiga.

2.2.3 Stigakerfi í bikarmótum

Sæti	Stig	Sæti	Stig	Sæti	Stig
1.	50	11.	10	21.	1
2.	40	12.	9	22.	1
3.	32	13.	8	23.	1
4.	26	14.	7	24.	1
5.	22	15.	6	25.	1
6.	20	16.	5	26.	1
7.	18	17.	4	27.	1
8.	16	18.	3	28.	1
9.	14	19.	2	29.	1
10.	12	20.	1	30.	1

2.2.4 Í bikarmótum þarf að halda að lágmarki þrjár keppnir innan eftirfarandi hjólréiðagreina:

1. Ólympískra fjallahjólréiða XCO.
2. Götu hjólréiða.
3. Tímatöku.
4. Fjallabrunns.
5. Cyclo-Cross.
6. Enduro.

Ef ekki tekst að halda að lágmarki þrjú mót yfir keppnistímabilið verður ekki veittur bikarmeistaratitill.

2.2.5 Í bikarmótaröð gilda stig úr öllum bikarmótum nema einu. Til að geta talist bikarmeistari verður að taka þátt í þremur keppnum að lágmarki. Ef tveir hjólréiðamenn eru jafnir að stigum eftir öll mót telst sá sigurvegari sem oftast er í fyrsta sæti, ef enn er jafnt þá sá sem er oftast í öðru sæti o.s.frv. Ef keppendur eru enn jafnir þá mun sá hjólréiðamaður sem var ofar í síðustu keppni ársins verða bikarmeistari.

2.2.6 Ef óviðráðanlegar aðstæður (force majeure) orsaka að aflýsa þarf bikarmóti sem var á dagskrá sem verður til þess að ekki eru haldnar að lágmarki þrjár keppnir verða keppendur að ná stigum úr að lágmarki tveimur keppnum.

Ef aflýsa þarf fleiri en einu móti er mótaröðinni aflýst og enginn titlaður bikarmeistari.

2.3 Keppnisreglur sem gilda í öllum greinum hjólréiða innan HRÍ

2.3.1 Hjólréiðamenn mega aðeins keppa fyrir eitt félag á sama keppnistímabili.

2.3.2 Hjálmaskylda er í öllum keppnum á keppnisdagskrá HRÍ. Keppendur skulu klæðast viðeigandi hjólréiðafatnaði eftir hverri keppnisgrein. Sjá sérreglur keppnisgreina.

2.3.3 Keppendur sýna ávallt ýtrustu varúð í samræmi við aðstæður. Keppendum ber að fara eftir keppnisreglum HRÍ og öllum þeim viðbótareglum sem komið geta fram í keppnishandbók keppnishaldara.

2.3.4 Þátttaka er að öllu leyti á ábyrgð keppenda. HRÍ, yfirdómari eða keppnishaldari hafa rétt til að meina keppanda þátttöku sé talið að ástand (ölvun, víma, þreyta eða annað sem hefur áhrif á getu) eða getustig viðkomandi stofni öryggi hans sjálfs eða annarra í hættu.

2.3.5 Keppendur skulu sýna af sér íþróttamannslega hegðun sem er hjólréiðaíþróttinni til framdráttar. Keppendur skulu ávallt koma heiðarlega og drengilega fram við aðra þátttakendur, jafnt í keppni og utan keppni. Hótanir og niðrandi ummæli um aðra þátttakendur eru hvorki leyfð í keppni né utan keppni.

2.3.6 Keppnishaldari getur vikið keppanda úr keppni brjóti hann keppnisreglur HRÍ. Jafnframt getur stjórn HRÍ meinað keppanda þátttöku í móti hafi hann gerst uppvis að því að brjóta reglur.

2.3.7 HRÍ getur ekki undir nokkrum kringumstæðum orðið ábyrgt fyrir slysum sem geta orðið í keppni, m.a vegna hættu í braut eða mistaka við framkvæmd.

2.3.10 Keppendum ber að kynna sér keppnisbraut fyrir keppni. Keppendum er óheimilt að yfirgefa keppnisbraut nema vegna beinna fyrirmæla frá lögreglu eða keppnishaldara.

Yfirgefi keppandi keppnisbraut vegna misskilnings, ábendingar frá utanaðkomandi aðila eða vegna lélegrar þekkingar á keppnisbraut hefur keppandi lokið keppni án tíma eða sætis og getur ekki gert neinar kröfur á keppnishaldara eða HRÍ um áætlaðan tíma eða sæti í viðkomandi keppni. Yfirgefi keppandi keppnisbraut getur hann einungis haldið áfram í keppninni með því að koma aftur á sama stað inn á braut og ljúka sömu vegalengd og aðrir keppendur í sama flokki.

2.3.11 Yfirgefi keppandi keppnisbraut tímabundið og komi hann inn á brautina á öðrum stað en hann yfirgaf hana og með þeim hætti að dómari meti að keppandi hafi brotið reglu samkvæmt grein 2.3.9 getur dómari áminnt keppanda eða vikið honum úr keppni. Yfirdómara er heimilt að veita keppanda áminningu eða banna frekari þátttöku keppanda í öðrum mótum teljist brot á reglu samkvæmt grein 2.3.9 alvarlegt.

2.3.12 Ef einn eða fleiri keppendur yfirgefa auglýsta keppnisbraut vegna fyrirmæla lögreglu eða keppnishaldara er ekki hægt að refsa þeim samkvæmt grein 2.3.10. Ef slík fyrirmæli gefa umræddum keppendum forskot á aðra keppendur skulu þeir hefja keppni aftur á sama stað miðað við aðra keppendur (sama sæti) eða bíða eftir fyrirmælum keppnishaldara ef hann er til staðar eða öðrum aðila á hans vegum. Ef allir keppendur eða hluti þeirra fara ranga leið skal keppnishaldari gera allt sem í hans valdi stendur til að leiðbeina og koma keppendum aftur á réttan stað í keppnisbraut, þó ekki þannig að það valdi keppendum tjóni.

2.3.13 HRÍ er skylt að upplýsa keppnishaldara og hlutaðeigandi keppendur um leiðréttingar á úrslitum samkvæmt grein 1.6.10. HRÍ ber að tryggja að úrlausn slíkra leiðréttinga sé skýr og leiði ekki af sér frekari leiðréttingar.

2.3.14 Bannað er að hjóla með heyrnartól eða annan búnað sem hylur annað eða bæði eyru og/eða hefur truflandi áhrif á heyrn keppenda.

2.4 Lyfjæftirlit

2.4.1 Lög ÍSÍ um lyfjamál gilda í öllum keppnum á vegum HRÍ. Misnotkun lyfja samkvæmt lista WADA er bönnuð. HRÍ skuldbindur sig til að leyfa Lyfjæftirliti Íslands og UCI að framkvæma lyfjapróf í keppni eða utan keppni á einstaklingum innan vébanda HRÍ.

2.5 Reglur um hjól og búnað

2.5.1 Keppnisreiðhjól er farartæki með tvö hjól (dekk á gjörð) sem hafa sama þvermál¹. Hægt er að beygja með framhjólínu. Hjólið er knúið áfram í gegnum pedala sem tengjast afturhjóli með keðju.

2.5.2 Keppnisreiðhjól og aukahlutir þeirra eru gerðir til notkunar fyrir hjólreiðar sem íþrótt. Notkunar búnaðar sem hannaður er sérstaklega til að bæta árangur er ekki leyfilegur nema í samræmi við undirgreinar 2.5.

2.5.3 Keppnishjól er hannað þannig að keppandi situr á hjólínu (oftast). Í þeirri stöðu hefur keppandi fætur á

¹ Í fjallahjólreiðum er leyfilegt að hafa sitt hvora stærð dekkja undir hjólínu.

pedölum, hendur á stýri og situr á hnakk.

2.5.4 Keppnisreiðhjól hefur stýri sem er hannað þannig að hægt sé að hjóla og stjórna hjólinu á öruggan hátt við allar aðstæður.

2.5.5 Einungis er hægt að knýja hjólið áfram með hringlaga fótahreyfingum í gegnum pedala áföstum tannhjóli sem tengist tannhjóli á afturhjóli með keðju. Þessi hreyfing fer fram án rafmagns eða utanaðkomandi aðstoðar eða mótors.²

2.5.6 Keppanda er skylt að tryggja að búnaður hans (hjólið með leyfilegum aukahlutum, hjálmur, föt og annar búnaður til notkunar í keppni) sé þannig hannaður og af þeim gæðum að hann valdi hvorki sér né öðrum keppendum hættu.

2.5.7 Keppanda er skylt að tryggja að búnaður hans í keppnum sé samþykktur af UCI og í samræmi við tilgreinda tæknistaðla og reglur hverju sinni á vefsvæði UCI. HRÍ getur veitt undanþágu frá kröfum UCI í ákveðnum mótum og skal það tilkynnt í auglýsingu með keppni eða á keppnisdagskrá.

2.5.8 HRÍ ber ekki ábyrgð á þeim afleiðingum sem kunna að leiða af vali keppanda á búnaði né heldur vegna galla í búnaði eða vali á búnaði sem ekki samræmist tæknistöðlum og kröfum UCI. Búnaður skal uppfylla gæða- og öryggisstaðla.

² Frekari smáatriði eru tilgreind í kafla III, hluta 2 (technical specification) í 1. part keppnisreglna UCI.

2.6 Tækniframfarir

2.6.1 Tækniframfarir, aðferðir eða tækninýjungar³ sem ekki hafa verið samþykktar af UCI eru ekki leyfðar. Hér er átt við hvað það sem snertir keppanda og keppnishjól, svo sem það sem keppandi ber með sér eða klæðist í keppni, hjálmur, hjól, breytingar á hjóli, búnaður á hjóli, samskiptatækni o.s.frv. Keppandi getur óskað eftir samþykki fyrir tækninýjung með umsókn ásamt nauðsynlegum gögnum til UCI.

2.6.2 Verði yfirdómari eða keppnishaldari þess var að keppandi mæti til keppni með búnað eða aðferð sem ekki hefur verið fjallað um eða samþykkt af UCI skal viðkomandi aðili meina keppanda þátttöku með slíkan búnað eða aðferð.

2.6.3 Verði keppandi uppvís að því að nota slíkan búnað eða aðferð í keppni verður hann dæmdur umsvifalaust úr keppni. Þessa ákvörðun er ekki unnt að kæra til HRÍ.

2.6.4 Komist keppandi upp með notkun óleyfilegs búnaðar sem skilgreindur er í reglum 2.6.1–2.6.3 án refsingar eða brottvísunar úr keppni getur HRÍ eða yfirdómari dæmt keppanda til brottvísunar eða refsingar eftir keppni.

³ Tækninýjung samkvæmt þessari grein telst ekki tækninýjung ef hún samræmist því sem fram kemur í tæknistöðlum og kröfum UCI.

Kafli 3 - Flokkar í hjólreiðum

3.1 Tafla með aldursflokkum.

Aldur	Götu hjólreiðar, Tímataka, Criterium og Cyclocross	Ólympískar Fjallahjólreiðar (XCO), Fjallabrun(DH) og Enduro	Marabon Fjallahjólreiðar (XCM)
9	U11	U11	
10			
11	U13	U13	
12			
13	U15	U15	
14			
15	U17	U17	
16			
17	Junior	Junior	
18			
19	U23 Einungis á Íslandsmoti		U23 Einungis á Íslandsmoti
20			
21			
22			
23	A-Flokkur / Elite	A-Flokkur	A-Flokkur / Elite
24			
25			
26			
27			
28			
29			
30			
31			
32			
33			
34	B-Flokkur	B-Flokkur	B-Flokkur
35 og eldri			
		Master 35+	Master 35+

3.2 Flokkar í hjólreiðum.

3.2.1 Ungmennaflokkar eru eftirfarandi:

- A. U11 (9-10 ára)
- B. U13 (11-12 ára)
- C. U15 (13-14 ára)
- D. U17 (15-16 ára)
- E. U19/Junior (17-18 ára)

3.2.2 Fullorðinsflokkar eru eftirfarandi:

- A. A-Flokkur/Elite (19 ára og eldri)
- B. B-Flokkur (19 ára og eldri)
- C. C-Flokkur (19 ára og eldri)
- D. U23 (19-22 ára) - Einungis í boði á Íslandsmóti, sjá nánar reglu [3.2.23](#)
- E. Master 35+ (35 ára og eldri) - Einungis í fjallahjólageinum.

3.2.3 Aldursflokkar miðast við það ár sem keppandi er fæddur, ekki afmælisdag.

3.2.4 Í ungmennaflokkum gilda takmarkanir á kasettustærðum í götuhjólageinum:

- A. Hæsta leyfilega gírhlutfal
 - a. U11: 5,89 m á einum pedalsnúningi.
 - b. U13: 5,89 m á einum pedalsnúningi.
 - c. U15: 6,35 m á einum pedalsnúningi.
 - d. U17: 7,01 m á einum pedalsnúningi.
 - e. U19/Junior: 7,93 m á einum pedalsnúningi.

Nánari útlistun um gírhlutföll má finna í *Viðauka 2 - Tafla fyrir gírhlutfall og vegalengd á einum snúningi*

3.2.5 Í ungmennaflokkum gilda eftirtaldar sérreglur:

- A. Ekki er krafa á mótshaldara að bjóða upp á U11 í Götuhjólageinum.
- B. U11, U13 og U15 ræsa bæði kyn saman. Veitt eru verðlaun fyrir hvern flokk
- C. U17 skal ræsa með C-flokk af hvoru kyni sé hann til staðar, annars með B-flokk. Ekki skal ræsa kyn saman
- D. U19/Junior skal ræsa með B-flokk af hvoru kyni í greinum með hópræsingum.

3.2.6 Keppendur í ungmennaflokkum geta sótt um til HRÍ að hækka sig upp um flokk ef geta viðkomandi gefur tilefni til eða til þess að getað hjólað með fjölmennari hóp. Beiðnin skal koma frá þjálfara eða fulltrúa hjólréiðafélags viðkomandi og skal senda á hri@hri.is.

3.2.7 Mótshaldarar geta ákveðið að bjóða upp á aðra flokka á sínum mótum en þeir sem HRÍ tilgreinir fyrir bikar- og Íslandsmót. Þeir flokkar teljast þá ekki eiginlegur hluti af bikar- eða Íslandsmóti. Tryggja þarf að keppendur í almennum flokkum trufli ekki eða hafi áhrif á keppendur í bikar- eða Íslandsmóti og forðast að keppendur í bikar- og Íslandsmóti þurfi að taka fram úr keppendum í almenningsflokki.

- A. Í götuhjólreiðum og XCO skulu almennir flokkar ræstir síðastir.
- B. Í criterium skulu almennir flokkar aldrei vera í braut með bikar- og Íslandsmótsflokkum.
- C. Í tímatöku og liðatímatöku skulu allir keppendur í almenningsflokkum ræsa á undan bikar- og Íslandsmótsflokkum. Bil á milli ræsinga skal vera slíkt að ekki komi til þess að bikar- eða Íslandsmótskeppendur þurfi að taka fram úr keppanda í almenningsflokki.
- D. Í maraþon fjallahjólreiðum XCM skulu almenningsflokkar ræstir síðastir. Ef brautin er hringur skal tryggja að ekki komi til þess að keppendur í bikar- eða Íslandsmótsflokkum geti hringað keppendur í almenningsflokkum.
- E. Í fjallabruni DH skulu allir keppendur í almenningsflokkum ræsa á undan bikar- og Íslandsmótsflokkum. Bil á milli ræsinga skal vera slíkt að ekki komi til þess að bikar- eða Íslandsmótskeppendur þurfi að taka fram úr keppanda í almenningsflokki.

3.2.8 Mótshaldari má bjóða upp á nánari sundurliðun innan keppnisflokka, til dæmis aldursverðlaun eða annað slíkt.

3.2.9 Eftirtaldar reglur gilda um B- og C-Flokk í dálki 1 (Götuhjólageinar og Cyclocross):

- A. Ekki er krýndur bikarmeistari í B- og C-flokkum en viðurkenning er veitt eftir keppnistímabil í eftirfarandi aldursflokkum.

- a. 19-29 ára
- b. 30-39 ára
- c. 40-49 ára
- d. 50-59 ára
- e. 60 ára og eldri

Stig í aldursflokkeppni eru þau sömu og B-flokks stig. Dæmi: Keppandi sem er í 5. sæti í B-flokk en fyrstur í sínum aldursflokki fær 22 stig.

- B. Við 80 stig er keppenda heimilt að færa sig upp um flokk.
- C. Við 135 stig (á tímabilinu, eða á síðasta tímabili) verða keppendur að færa sig upp um flokk.
- D. Keppendur teljast með 0 stig í upphafi hvers tímabils. Keppendur taka stigin ekki með sér í nýtt tímabil.
- E. Öll stig telja til uppfærslu þó að einu móti sé sleppt í stigagjöf til bikarmeistararitils.
- F. Keppendur 50 ára og eldri eru ekki skyldaðir upp um flokk þó þeir hafi náð 135 stigum en er þó heimilt að færa sig upp kjósi þeir að gera það.
- G. Einungis Elite, U23 og junior gefa UCI stig á Íslandsmóti.
- H. Einungis sigurvegari í Elite flokki fær titilinn „Íslandsmeistari“. Ekki er vísað til „Íslandsmeistara í B-flokki“ heldur „sigurvegara í B-flokki á Íslandsmóti“.

3.2.10 Sérstakar reglur geta gilt þegar keppendur í yngri flokkum keppa í sömu braut og/eða sama ráshóp og Elite keppendur á Íslandsmóti. Þessar reglur eru misjafnar milli keppnisgreina og er að finna í sérköflum um greinar sem eru eftirfarandi:

- A. 5.3.14 fyrir fjallabrun.
- B. 6.1.3 fyrir cyclocross.

3.2.11 Keppendur í bikar- og Íslandsmótum verða að vera skráðir í hjólreiðafélag sem er aðili að HRÍ. Keppendum utan hjólreiðafélaga er þó heimilt að taka þátt í C-flokk sé hann í boði í greininni eða B-flokk ef ekki er í boði C-flokkur. Þeir keppendur safna þó ekki stigum. Ef keppandi utan hjólreiðafélags er í 1. Sæti fær næsti keppandi sem skráður er í Hjólreiðafélag stig eins og hann væri í 1. sæti.

3.2.12 Flokka má ræsa saman ef það eru færri en 10 keppendur í flokki.

3.2.13 Ef flokkar eru ræstir saman á Íslandsmóti eru veitt verðlaun fyrir hvern flokk. Undantekninga er getið í grein [3.2.10](#).

3.2.14 Ekki má ræsa saman kyn á Íslandsmóti.

3.2.15 Keppandi ber ábyrgð á að skrá sig í réttan flokk í öll mót tímabilsins. Keppendum í B- og C-Flokk er heimilt að færa sig upp hafi þeir náð 80 stigum. Að öðru leyti er Keppendum ekki heimilt að skipta um flokka á milli móta nema að fenginni undanþágu sem tilgreind er í grein [3.2.18](#). Ef í ljós kemur eftir keppni að keppandi hafi verið í röngum flokki verður viðkomandi dæmdur sem hann hafi ekki ræst (DNS).

3.2.16 Óheimilt er að skipta um flokk eftir að skráningu í mót lokar nema það sé til þess að leiðrétta skráningu sem stangast á við keppnisreglur. Skal þá vera búið að leiðrétta það fyrir ræsingu.

3.2.17 Keppendur þurfa að keppa í sama flokki í bikarmótum í götuhjólreiðum og criterium á tímabilinu. Ef keppendur eru færðir upp í annarri greininni vegna reglu 3.2.9 haldast þeir þó í sínum flokk í hinni greininni út tímabilið eða þar til að stigafjöldi er náð í báðum greinum.

3.2.18 Hægt er að sækja um undanþágu og færa sig á milli flokka ef geta keppanda samsvarar ekki þeim flokki sem viðkomandi er skráður í. Þetta getur bæði átt við keppenda sem að hefur augljósa yfirburði eða heldur ekki í við keppnishópinn. Umsókn sendist til stjórnar HRÍ með tölvupósti (hri@hri.is).

3.2.19 Keppendur mega einungis nýta kjölsog (draft) frá keppendum í sama ráshópi.

3.2.20 A-Flokkur

- A. Keppendur þurfa að sýna fram á keppnisreynslu í hjólreiðum til að mega keppa í A-flokki með einhverri af eftirtöldum leiðum:
 - a. Með a.m.k. 80 stigum í B-flokk á síðastliðnu keppnisári eða það sem af er tímabili
 - b. Með því að hafa keppt í fremstu röð í Junior flokki.
 - c. Með því að sýna fram á árangur í öðrum greinum hjólreiða.
 - d. Með því að Stjórn eða Mótanefnd HRÍ meti hvort keppnisreynsla sé nægileg.
- B. Ekki má ræsa A-flokk með öðrum flokkum og ekki má blanda kynjum í ræsingu A-flokks.

3.2.21 B-flokkur.

- A. B-flokkur getur farið styttri vegalengd, færri hringi, hjólað í skemmri tíma eða farið auðveldari braut en A-flokkur. Í einhverjum tilfellum er þó keppt í sömu aðstæðum og A-flokkur..
- B. Hafi keppandi náð 135 stigum í B-flokk á síðastliðnu tímabili er viðkomandi ekki gjaldgengur í B-flokk og þarf að keppa í A-flokk. Hægt er að sækja um undanþágu samkvæmt reglu [3.2.18](#). Keppendur 50 ára og eldri eru undanþegnir þessari reglu.
- C. B-flokk skal ræsa með Junior flokkum ef það eru færri en 10 í junior flokki. Kyn skulu vera aðskilin.

3.2.22 C-flokkur.

- A. C-flokkur getur farið styttri vegalengd, færri hringi, hjólað í skemmri tíma eða farið auðveldari braut en B-flokkur. Í einhverjum tilfellum er þó keppt í sömu aðstæðum og B-flokkur.
- B. Hafi keppandi náð 135 stigum í C-flokk á síðastliðnu tímabili er viðkomandi ekki gjaldgengur í C-flokk og þarf að keppa í B-flokk. Hægt er að sækja um undanþágu samkvæmt reglu [3.2.18](#).
- C. Keppendur mega ekki færa sig niður í C-flokk úr A eða B nema að fenginni undanþágu samkvæmt reglu [3.2.18](#).

3.2.23 U23 Flokkur

- A. U23 er fyrir keppendur á aldrinum 19-22 ára.
- B. Einungis er boðið upp á U23 á Íslandsmótum og eiga keppendur þá möguleika á að vinna sér inn UCI stig fyrir U23.
- C. Jafnan eru U23 og Elite flokkar keyrðir saman á Íslandsmótum með hópræsingu og vinni keppandi sem er í U23 flokki þá verður hann Íslandsmeistari auk þess sem hann verður Íslandsmeistari í U23 flokki og fær þar af leiðandi verðlaun í báðum flokkum.

3.3 Viðmiðunartafla fyrir keppislengdir.

Í töflunni hér að neðan má finna viðmiðunarvegalengdir og tímamörk fyrir mismunandi flokka og mismunandi greinum.

Flokkur	Kyn	Götu hjólræiðar		Einstaklings tímataka		Liðatímataka		Criterium		XCO		XCM		Viðmiðunartími	
		Lágmark	Hámark	Lágmark	Hámark	Lágmark	Hámark	Lágmark	Hámark	Lágmark	Hámark	Lágmark	Hámark		
U11	Bæði	15km		10km		15km		10 mín	15 mín	15 mín	30 mín			10 mín	
U13	Bæði	25km		10km		15km		10 mín	15 mín	20 mín	35 mín			15 mín	
U15	Bæði	45km		15km		20km		15 mín	20 mín	25 mín	40 mín			20 mín	
U17	Bæði	80km		20km		25km		20 mín	30 mín	30 mín	60 mín			30 mín	
U19 / Junior	Karlar	80km	140km	15km	40km	25km	50km	30 mín	40 mín	60 mín	75 mín			40 mín	
	Konur	60km	100km		30km	20km	30km	30 mín	70 mín						
U23 Einungis á Íslandsmoti	Karlar	100km	200km	15km	50km	30km	70km	30 mín	70 mín	70 mín*	100 mín	60km	160km	60 mín	
	Konur	80km	140km	15km	40km	30km	50km	30 mín	60 mín					50 mín	
A-Flokkur / Elite	Karlar	100km	200km	15km	50km	30km	70km	30 mín	70 mín	70 mín*	100 mín	60km	160km	60 mín	
	Konur	80km	140km	15km	40km	30km	50km	30 mín	60 mín					50 mín	
B-Flokkur	Karlar	80km	140km	15km	40km	30km	50km	20 mín	45 mín	60 mín	75 mín	40km	100km	50 mín	
	Konur	60km	100km	15km	30km	20km	30km							40 mín	
C-Flokkur	Karlar	60km	90km	15km	30km	15km	40km	20 mín	30 mín					40 mín	
	Konur	40km	90km	15km	30km	15km	25km							30 mín	
Master 35+	Karlar									60 mín	75 mín	40km	100km		
Konur															

* Íslandsmót XCO skal veða að lágmarki 90 mín

3.3.1 Þegar upp er gefin keppnistími er miðað við að hraðasti keppandi sé að klára innan uppgefins tímaramma. Oft er tímalengd umreiknuð sem ákveðinn fjöldi hringja í tiltekinni braut.

3.3.2 Keppnishaldari getur sótt um undanþágu frá lágmarks eða hámarks vegalengd til HRÍ ef aðstæður krefjast þess.

3.2.2 Ef mismunandi flokkar eru í sama ráshóp gilda eftirfarandi reglur.

- A. Notast skal við stystu hámarksvegalengd þeirra flokka sem ræstir eru saman.
- B. Á mótum þar sem ráðgefin er tímalengd eða hringjafjöldi skulu þeir flokkar sem fara styst vera aftast á rásmarki.

C.

Kafli 4 - Götuþjólagreinar

Mismunandi keppnisreglur geta átt við við mismunandi greinar götuþjólreiða.

4.1 Götuþjólagreinar

Götuþjólreiðagreinar innan HRÍ eru fimm:

- A. Götuþjólreiðar (RR)
- B. Fjöldægrakeppnir (e. Stage Race)
- C. Criterium
- D. Tímataka (TT)
- E. Liðatímataka (TTT)

4.2 Götuþjólreiðar (RR)

4.2.1 Keppni í götuþjólreiðum er skilgreind skv. 39. gr. umferðarlaga sem akstursíþrótt. Því gilda umferðarlög í götuþjólakeppnum.

4.2.2 Keppnisnúmer skulu vera þrjú, tvö á baki keppenda og eitt á sætisþípu.

4.2.3 Upphaf keppni þar sem ræst er í hóp skal gefið til kynna með skýrum hætti, svo sem með rásbyssuskoti, bjöllu eða flautu.

4.2.4 Endamark skal vera skýr svört lína sem er 4 cm breið á hvítum fleti sem er 72 cm breiður þannig að það séu 34 cm af hvítum fleti hvorum megin við svörtu línuna.

4.2.5 Keppandi sem veldur truflun á keppni með því að hindra eða stofna öðrum keppanda í hættu, svo sem í endaspretti, skal dæmdur úr leik.

4.2.6 Á síðustu 100 metrunum í endaspretti skal keppandi undantekningarlaust halda beinni línu og hafa a.m.k. aðra hönd á stýri. Við brot á þessari reglu skal dæma keppandann í síðasta sæti í þeim hópi sem hann var í. Hafi hegðunin ekki haft nein áhrif á úrslit sprettsins er dómara heimilt að láta áminningu nægja.

4.2.7 Keppnisbraut í götuþjólreiðum skal vera á malbiki eða bundnu slitlagi. Keppni má fara á malarveg, þó aldrei meira en 3% af heildarvegalegd. Keppnishaldari skal hafa samband við veghaldara (Vegagerðina) og kanna hvort framkvæmdir séu fyrirhugaðar á þeim vegkafla sem til stendur að halda mót og tilkynna keppendum ef framkvæmdir standa yfir eða hafa nýlega farið fram.

4.2.8 Áberandi merkt ökutæki skal fara á undan fyrsta keppanda fari keppni fram á opnum vegum.

4.2.9 Öll ökutæki sem notuð eru í keppni af mótisstjórn skulu merkt með skýrum hætti. Nánari upplýsingar um merkingar ökutækja má finna í *Viðauka 1 - Fylgdarbílar í Götuþjólreiðum*

4.2.10 Ökutæki sem ekki er á vegum mótisstjórnar en tengist keppanda eða keppendum, þ.e. fylgdarbíll, þarf að fá sérstakt leyfi mótisstjórnar til að vera í skilgreindri keppnisbraut meðan á keppni stendur. Sé slíkt leyfi ekki til staðar og/eða mótisstjórn telur að slíkt ökutæki hafi truflandi áhrif á framgang keppni getur mótisstjórn vikið tengdum keppanda eða keppendum úr keppni.

4.2.11 Keppendum í götuþjólakeppni ber að virða almennar umferðarreglur og gæta ýtrustu varúðar í sprettum eða þegar einn eða fleiri slíta sig frá meginhópnum. Fylgja skal þeim umferðarmerkjum sem eru á keppnisbraut. Hægt er að áminna eða vísa keppendum úr keppni sem hjóla ógætilega eða fylgja ekki þessum

reglum. Ekki má hjóla yfir brotna miðlínu ef það þýðir að keppandi yfirgefi auglýsta keppnisbraut.

4.2.12 Keppandi í götuhjólakeppni sem fer fram á hring skal hætta í keppni ef hann verður hringaður af keppanda nema annað hafi verið skýrt auglýst og kynnt af keppnisstjórn. Keppandi skal tilkynna mótisstjórn brottfall sitt í keppnismiðstöð með skýrum hætti.

4.2.13 Ef keppanda, sem hefur verið hringaður, er leyfilegt að halda áfram keppni má hann ekki aðstoða keppendur sem hafa hringað viðkomandi með því að stjórna hraða eða kljúfa vind. Einungis keppendur á sama hring mega kljúfa vind hver fyrir annan og aldrei nota skjól eða kjölsog sem myndast vegna annarra farartækja.

4.2.14 Keppandi sem hjólar fram fyrir fremsta ökutæki á vegum mótisstjórnar getur átt það á hættu að verða vísað úr keppni.

4.2.15 Keppandi sem lendir í slysi meðan á keppni stendur þarf að tilkynna slysið (eða láta tilkynna það fyrir sig) til HRÍ innan þriggja daga. HRÍ hefur vald til að dæma keppanda úr keppni eða banna frekari þátttöku í keppnum hans tímabundið hafi viðkomandi átt þátt í slysi með gáleysislegum hætti eða ef viðkomandi hefur átt þátt í meira en einu slysi á innan við 15 mánuðum

4.2.16 Reglur um fylgdarbíla má finna í *Viðauka 1: Fylgdarbílar í Götuhjólreiðum*

4.2.17 Keppnishaldara ber að auglýsa og kynna vel staðsetningu á drykkjarstöðvum áður en keppni hefst.

4.2.18 Keppendum er tilkynnt þegar 1 mínúta, 30 sekúndur og 15 sekúndur er í ræsing. Keppni getur hafist á hvaða tímapunkti sem er innan síðustu 15 sekúndna. Í tímatökumóti getur mótisstjórn ákveðið að ræsa eftir rásklukku sem keppendur sjá og telur niður í ræsing, eða mótisstjórn telur keppendur af stað.

4.2.19 Keppandi verður að ræsa með annan fótinn á götunni, ekki er heimilt að halla sér upp að eða styðja sig við aðra keppendur eða hluti í ræsing. Óheimilt er að ræsa úr svokölluðu „track stand“. Undantekning frá þessari reglu er þegar keppnisstjórn útvegar starfsmann sem heldur hjóli keppenda í rásmarki, til dæmis í tímatöku og útsláttarkeppnum.

4.3 Criterium (hringkeppnir) - viðbótarreglur

4.3.1 HRÍ getur skilgreint hámarksfjölda keppenda sem má ræsa í einu eða vera í brautinni á sama tíma. Slíkt ræðst af stærð og lögun brautar og brautarlokunum.

4.3.2 Ef keppandi er hringaður í keppni skal viðkomandi yfirgefa keppnisbraut á öruggan hátt og tilkynna mótisstjórn um brottfall sitt við endamark. Mótisstjórn gefur keppendum merki með bláum fána séu keppendur í þann mund að verða hringaðir og ber þeim þá að yfirgefa braut.

Keppandi sem neitar að yfirgefa brautina verður dæmdur úr keppni og getur átt yfir höfði sér keppnisbann.

Úrslit keppenda sem hringaðir eru út skulu miðast við röð þeirra þegar síðast var farið yfir marklínu.

4.3.3 Ef stakur keppandi hringar alla aðra keppendur í braut getur keppnisstjórn ákveðið að leyfa næsta keppnishóp að klára keppnina og skal þeim þá gefið merki um að halda áfram keppni með grænu flaggi.

Mótisstjórn getur undir þessum kringumstæðum ákveðið að stytta keppnina og skal síðasti hringur þá tilkynntur með fána og hljóðmerki.

4.3.4 Í hringkeppnum þar sem hringurinn er 2,0 km eða styttri má keppandi sem lendir í óhappi, slysi,

hjólréiðabilun eða sprengir dekk sleppa einum hring og koma inn í keppni aftur á sama stað og hann var þegar atvikið átti sér stað og að fengnu leyfi yfirdómara. Slíkt er þó ekki leyfilegt ef innan við sex hringir eru eftir af keppninni. Keppandi sem fær slíkt leyfi telst vera á sama hring og þeir keppendur sem hann hjólar með þó hann hafi hjólað einum hring styttra. Sá keppandi getur því keppt til sigurs í endaspretti.

Einungis er leyfilegt að missa einn hring úr hverri keppni vegna áður talinna atvika nema yfirdómari ákveði annað. Í sérstökum veðurskilyrðum sem geta haft áhrif á yfirborð keppnisbrautar er yfirdómara heimilt að veita áður nefndar undanþágur á brautum sem eru 3,0 km eða styttri (í stað 2,0 km).

4.3.5 Lituð flögg eru notuð til að koma skilaboðum til keppenda í braut samkvæmt eftirfarandi töflu. Keppendur skulu kynna sér hvað litirnir þýða og mótstjórn skal sýna öll flögg og útskýra merkingu þeirra fyrir ræsingu. Dómaraflauta getur verið notuð til að vekja athygli keppenda á flaggi en sendir ekki bein skilaboð til keppenda.

Rautt	Keppni hefur verið stöðvuð og keppandi skal hægja á sér strax og fylgja leiðbeiningum mótstjóra.
Gult	Hætta er í braut, hægið á og sýnið sérstaka aðgát.
Blátt	Keppandi er við það að verða hringaður og skal vera viðbúinn að yfirgefa braut.
Grænt	Brautin er laus við allar hættur, keppni hefst að nýju.
Hvít	Einn hringur er eftir.
Köflótt	Keppni er lokið.

4.3.6 Lengd keppni getur verið ákvörðuð á eftirfarandi hátt:

- A. Fyrirfram ákveðinn fjöldi hringja sem tilkynntur er fyrir mót og aftur á ráslínu. Teljari er notaður til að sýna fjölda hringja sem eftir eru.
- B. Fyrirfram ákveðin tímalengd sem keppendur hjóla ásamt fyrirfram ákveðnum fjölda aukahringja eftir að tími er liðinn. Klukka skal vera við rásmark sem sýnir tíma. Séu allir hópar í braut að hjóla jafn lengi skal klukkan telja niður. Séu hópar saman í braut sem hjóla mismis lengi skal klukkan telja upp.

Í báðum tilfellum skal tilkynna síðasta hring með hvítu flaggi og afgerandi hljóðmerki.

4.3.7 Sé keppni stöðvuð skal mótstjórn gefa merki með rauðu flaggi í braut.

4.4 Fjöldægrakeppnir - viðbótarreglur

4.4.1 Allar viðbótarreglur viðkomandi götuhjólagreinar gilda í fjöldægrakeppnum.

4.4.2 Lendi keppandi eða keppendur í atviki á síðustu þremur kílómetrum dagleiðar, svo sem óhappi, slysi, hjólréiðabilun eða sprungnu dekki, má skrá sama tíma á viðkomandi og sá keppandi hlaut sem var síðastur í mark í þeim hópi sem viðkomandi var í þegar atvikið átti sér stað að því gefnu að viðkomandi keppandi klári samt dagleið innan tímamarka.

4.4.3 Í fjöldægramótum þarf að kynna staðsetningu á drykkjarstöðvum fyrir upphaf hverrar dagleiðar. Aðrar drykkjarstöðvar eru ekki leyfilegar nema mótstjórn heimili.

4.4.4 Endanleg úrslit einstaklinga og röðun í sæti er reiknuð sem samanlagður heildartími hvers keppanda úr öllum dagleiðum að viðbættum tímavítum ef þau eiga við eða að frádregnum tímabónusum ef þeir eiga við.

4.4.5 Endanleg úrslit liða/félaga og röðun er ákvörðuð með eftirfarandi hætti: Fyrir dagleiðir og heildarúrslit gilda bestu tímar þriggja efstu keppenda hvers liðs/félags fyrir hverja dagleið. Heildartími liðs fæst þannig með því að leggja saman bestu tíma þeirra þriggja keppenda sem ná bestum tíma fyrir sitt lið/félag í hverri dagleið.

4.4.6 Samkvæmt grein 4.4.4 telst einstaklings sigurvegari fjöldægrakeppni vera sá keppandi sem hefur stýstan samanlagðan heildartíma. Ef tveir eða fleiri keppendur hafa sama heildartíma að teknu tilliti til refsinga og tímabónusa skal taka tillit til úrslita í hverri dagleið (röðun í sæti) og sá keppandi sem hefur lægstu samanlögðu töluna þegar sætisröð er lögð saman telst sigurvegari. Ef tveir eða fleiri keppendur eru ennþá jafnir eftir þann útreikning skal innbyrðis röðun þeirra í síðustu dagleið gilda sem lokaúrslit.

4.4.7 Samkvæmt grein 4.4.4 telst liða-/félags sigurvegari vera það lið/félag sem hefur lægsta heildartíma. Ef tvö eða fleiri lið/félög enda með sama tíma skulu endanleg úrslit ákvörðuð eftir fjölda dagleiða sigra sem hvert lið/félag hefur hlotið og því næst fjölda skipta sem viðkomandi lið/félag náði 2. sæti ef fjöldi dagleiða sigra er jafn o.s.frv.

4.4.8 Þegar margir keppendur koma saman í mark hljóta þeir allir sama tímamark (en mótsstjórn úrskurðar um röð þeirra). Annar tími verður skráður á keppanda eða keppendur í öðrum hópi sem koma í mark meira en sekúndu á eftir þeim keppanda sem kom síðastur í mark (í hóp þar á undan).

4.7 Tímataka - viðbótarreglur

4.7.1 Keppendur hjóla einir í tímátökukeppni og án utanaðkomandi aðstoðar. Keppendum er óheimilt að hjóla með öðrum keppendum eða nýta sér skjól eða kjölsog af öðrum keppendum eða ökutækjum sem kunna að vera í keppnisbraut. Ef keppandi nær öðrum keppanda sem ræstur var á undan þarf hraðari keppandinn að taka fram úr þeim hægari með því að vera a.m.k. 1,5 metra til hliðar við hann og án þess að nýta sér skjól af honum. Það er skylda hægari keppandans að vera kominn a.m.k. 25 metra fyrir aftan þann hraðari innan næstu 1.000 metra. Óheimilt er fyrir hægari keppanda að reyna að taka fram úr þeim hraðari nema hafa fyrst farið a.m.k. 25 metra fyrir aftan þann hraðari.

4.7.2 Keppendur í A-flokk/Elite skulu ræstir út með að minnsta kosti 60 sek millibili. Aðra flokka má ræsa með 30 sek millibili.

Að minnsta kosti 60 sek. skulu líða milli ræsinga á milli flokka.

4.7.3 Rásröð skal miðast við stöðu í mótarröð keppnistímabilsins. Á fyrsta móti tímabils skal miða við úrslit bikarmótaraðar síðasta keppnistímabils.

Ríkjandi Íslandsmeistari skal þó ávallt ræsa síðastur óháð stöðu viðkomandi í mótarröð.

Keppnishaldari ræður röð keppenda á ráslista sem ekki hafa stig í mótarröð. Þeir skulu þó ræsa á undan keppendum sem hafa stig.

4.7.4 Í ræsingu skal halda keppendum og skulu allir keppendur fá slíka aðstoð frá starfsmanni á vegum keppnishaldara. Keppendum er frjálst að afþakka hald kjósi þeir svo. Ekki má ýta keppendum af stað.

4.7.5 Keppandi skal ræsa samkvæmt fyrirmælum ræsis, eftir niðurtalningu. Einnig er heimilt að nota rafræna klukku til ræsingar. Ef keppandi kemur of seint í ræsingu skal tímataka hans hefjast frá áður ákveðnum rástíma hans. Þegar keppandi fer of seint af stað skal þess gætt að trufla ekki aðra sem verið er að ræsa. Ræsir hefur heimild til að halda seinum keppanda í rásmarki til að trufla ekki aðra keppendur sem eru að ræsa.

4.7.6 Keppendur mega ekki þiggja fylgd eða hvatningu frá aðila í ökutæki á ferð. Mótsstjórn getur ákveðið í sérstökum tilfellum að leyfa einum fylgdarbíl að fylgja hverjum keppanda.

4.7.7 Fulltrúi frá HRÍ skal vera í öllum leyfilegum fylgdarbílum og skal ökutækið alltaf vera a.m.k. 20 metrum fyrir aftan viðkomandi keppanda. Þurfi keppandi aðstoð úr fylgdarbíl verður keppandi að stöðva áður en fylgdarbíll má nálgast keppanda.

4.8 Liðatímataka - viðbótarreglur

4.8.1 Reglur undirgreina 3.8 fyrir tímatöku gilda einnig í liðatímatöku.

4.8.2 Lið geta verið samsett af tveimur, þremur eða fjórum keppendum en í hverri keppni skulu þó alltaf vera jafn margir liðsmenn sem telja til heildartíma. Lið skulu ræst út með a.m.k. mínútu millibili ef tveir eru í liði en annars með a.m.k. tveggja mínútna millibili.

4.8.3 Lið sem ekki eru fullmönnuð mega hefja keppni en geta ekki keppt um verðlaun. Undantekning er þegar þrír liðsmenn hefja keppni í fjögurra manna liðakeppni.

4.8.4 Lið geta skráð einn varamann í þriggja manna lið og tvo varamenn í fjögurra manna lið. Varamenn skulu skráðir á nafnalista þegar lið er skráð til keppni.

4.8.5 Liðsmönnum er óheimilt að nýta skjól eða kjölsog af öðrum keppendum eða farartækjum í brautinni. Ef lið fer fram úr hægfara liði er hægara liðinu skylt að vera komið a.m.k. 25 metrum fyrir aftan hraðara liðið á næstu 1.000 metrum. Hraðara liðið þarf að taka fram úr til hliðar við hægara liðið með ákjósanlegu bili án þess að hætta skapist.

4.8.6 Öllum liðsmönnum í hverju liði er skylt að fylgjast með því sem er fyrir framan liðið og á ábyrgð allra liðsmanna að fylgja umferðarreglum, umferðarmerkjum og tilmælum lögreglu.

4.8.7 Skráður tími liðs er sá tími þegar síðasti liðsmaður kemur í mark nema í þeim tilfellum þegar fjögurra manna lið keppa. Þá gildir tími þriðja liðsmanns í mark sem skráður lokatími liðsins. Verðlaun hljóta allir meðlimir liðs sem hófu keppni á ráslínu og hljóta þeir allir sömu verðlaun.

4.8.8 Lið mega ekki þiggja fylgd eða hvatningu frá aðila í ökutæki á ferð. Mótsstjórn getur ákveðið í sérstökum tilfellum að leyfa einum fylgdarbíl að fylgja hverju liði. Sá fylgdarbíll verður að vera merktur liðinu bæði að framan og aftan. Fylgdarbíll þarf að vera a.m.k. 20 metrum fyrir aftan aftasta liðsmann viðkomandi liðs eða þriðja liðsmanns í fjögurra manna liði ef fjórði liðsmaður hefur hætt keppni.

4.8.9 Liðsmenn geta aðeins þegið búnað, drykki eða mat frá öðrum liðsmönnum sama liðs.

4.8.10 Liðsmönnum er óheimilt að ýta hver öðrum.

Kafli 5 - Fjallahjólagreinar

Í fjallahjólreiðum er keppt í eftirtöldum greinum innan HRÍ:

- A. XCO - fjallahjólreiðum (Cross Country)
- B. XCM - maraþonfjallahjólreiðum
- C. DH - fjallabruni (Downhill)
- D. Enduro

5.1 Almennar reglur í fjallahjólagreinum

5.1.1 Keppnisnúmer skulu vera fest framan á stýri og á bak keppenda. Keppnisnúmer á stýri skal festast þannig að ekki sé hætt á að það flettist upp og sé ólæsilegt í endamarki.

5.1.2 Rásmark og endamark skal skilgreint með afgerandi hætti, svo sem milli staura, stika, merkt í jörðu eða á annan hátt svo ekki sé um að villast.

5.1.3 Upphaf keppni þar sem ræst er í hóp skal gefið til kynna með skýrum hætti, svo sem með rásbyssuskoti, bjöllu eða flautu. Í einstaklingsræsingu skal ræsir gefa keppanda skýrt merki um að keppni sé hafin.

5.1.4 Verði þjófstart getur ræsir annaðhvort endurtekið rásmerkið eða með skýrum hætti leyft keppni að halda áfram. Yfirdómari getur þá dæmt keppanda úr keppni.

5.1.5 Yfirdómari tryggir að keppendur á ráslínu uppfylli reglur þessar um klæðaburð, hjálmanotkun, notkun rásnúmera og keppnishjól.

5.1.6 Keppandi telst kominn í mark á því augnabliki þegar fremsta hluta framhjólis ber við endamarkslínu. Sé notast við rafræna tímatöku telst keppandi kominn í mark á þeim tímapunkti sem tímatökuflaga er lesin af tímatökukerfi. Sé um handtímatöku að ræða skal hafa myndavél við endamark sem getur skorið úr um vafaatriði.

5.2 Fjallahjólreiðar (XCO) og maraþonfjallahjólreiðar (XCM)

5.2.1 Auglýst braut verður að vera 100% hjólanleg óháð undirlagi og veðuraðstæðum. HRÍ getur leyft keppni á brautum þar sem keppendur þurfa að fara af hjóli í stutta stund til að komast hluta brautar.

5.2.2 Braut skal tilkynnt með að lágmarki 2 vikna fyrirvara. Ef óviðráðanleg utanaðkomandi atvik valda því að breyta þarf braut með stuttum fyrirvara skal það tilkynnt eins fljótt og auðið er.

5.2.3 Keppnishaldara er heimilt að takmarka neyslu matar við ákveðin matarsvæði. Einnig má keppnishaldari skilgreina leyfileg útskipti gleraugna á sömu svæðum.

5.2.4 Hvert matarsvæði skal staðsett á flatlendi eða í halla upp í mót þar sem hraði er lítill og nægt rými er fyrir aðstoðarfólk keppanda sem og hlutlaust drykkjarsvæði á vegum keppnishaldara. Aðstoðarfólk keppenda skal merkt á áberandi hátt.

5.2.5 Keppnishaldara er heimilt að leyfa aðstoð við keppendur í keppni. Sú aðstoð takmarkast við viðgerðir á hjóli og búnaði þess án þess þó að skipta um hjólastell. Ekki er heldur leyfilegt að skipta um hjól í keppni og keppandi verður að klára keppni með sama keppnisnúmer á stýri og hann hóf keppni með.

5.2.6 Ef aðstoð við keppendur er leyfð í keppni skal sú aðstoð fara fram á sérstöku skilgreindu viðgerðarsvæði sem tekur við af matarsvæði. Einungis eitt slíkt viðgerðarsvæði er leyfilegt á hring í keppnisbraut.

5.2.7 Varabúnaður og áhöld til viðgerða verða að vera staðsett á viðgerðarsvæði. Hver keppandi má gera sjálfur við hjól eða þiggja aðstoð við viðgerðir innan viðgerðarsvæðis.

5.2.8 Keppendum er heimilt að hafa á sér varahluti og áhöld til viðgerðar sé það tryggt að slík áhöld eða hlutir valdi keppanda eða öðrum keppendum ekki hættu.

5.2.9 Mótsstjórn er heimilt að innleiða hringunarreglu í keppni. Séu keppendur hringaðir af keppenda í sama flokk skulu þeir hætta keppni og koma sér að rásmarki. Það skal kynnt í keppnisgögnum mótsins hvort hringunarregla verði í gildi og einnig skal það tilkynnt fyrir ræsingu.

5.3 Fjallabrun (Downhill)

5.3.1 Í fjallabruni er annaðhvort keppt í einni umferð eða tvöfaldri umferð.

A. Keppni með einfaldri umferð er annaðhvort:

- a. Útsláttarkeppni með undanúrslitum og úrslitum þar sem besti tími gildir til sigurs.
- b. Forkeppni með einfaldri umferð. Tímar keppenda í forkeppni ráða röðun þeirra í lokakeppni með einfaldri umferð og tímar úr lokakeppni gilda.

B. Í keppni með tvöfaldri umferð fá keppendur tvær umferðir og betri tíminn gildir. Keppendum er frjálst að nota einungis aðra umferðina kjósi þeir svo.

5.3.2 Óheimilt er að klæðast götuhjólaklæðnaði og öðrum þröngum, lycra-elastane fötum.

5.3.3 Nota skal hjálm sem ver allt andlit (full-face) bæði í keppni og við æfingar. Hjálmurinn verður að vera með skyggni. Opnir hjálmur án kjálkahlífar eru bannaðir. Einnig skal vera með augnhlífar (goggjur eða hlífðargleraugu).

5.3.4 Sérstaklega er mælt með eftirfarandi aukahlífðarbúnaði:

- A. Bak-, olnboga-, hné- og axlahlífum úr stífum efnum.
- B. Vörn fyrir háls og hryggjarliði.
- C. Vörn fyrir sköflunga og læri.
- D. Víðum buxum úr rifvörðu efni með innbyggðum hlífum fyrir hné og kálfa, eða stuttbuxum úr rifvörðu efni ásamt hné og kálfa hlífum.
- E. Síðerma treyju.
- F. Hönskum.

5.3.5 Keppnishöldurum er heimilt að gera kröfu um aukinn hlífðarbúnað fyrir einstaka mót.

5.3.6 Fari keppandi út úr braut skal fara inn í hana á sama stað og hún var yfirgefin annars er umferðin ógild.

5.3.7 Glerlát af öllu tagi eru bönnuð í eða við brautina.

5.3.8 Keppandi skal hleypa hraðari keppanda framhjá sér án truflana.

5.3.9 Keppendur skulu vera á fjallahjólum sem er í góðu standi með heil dekk og bremsur í lagi. Fulldempað hjól er æskilegt en þó ekki skilyrði. Mótsstjórn áskilur sér rétt til að meina keppendum þátttöku ef hjólið þykir ekki öruggt. Leyfilegt er í fjallabruni að hafa misjafna dekkjastærð að framan og aftan.

5.3.10 Undanfari á vegum keppnishaldara skal fara brautina áður en fyrsti keppandi fer í braut.

5.3.11 Mótshaldara ber að yfirfara brautina eftir mót til að tryggja að þannig sé frá henni gengið að hún sé örugg fyrir almenna hjólara eftir að móti lýkur.

5.3.12 Rafræn tímataka, með hliði í rásmarki og endamarki er nauðsynleg í fjallabruni. Miðað skal við að nákvæmni búnaðar sé sem næst einum þúsundasta úr sekúndu. Nægilegt er að birta úrslit með sekúndu nákvæmni sé röð keppenda rétt með nákvæmari tíma.

5.3.13 Tímataka hefst þegar keppandi fer yfir tímátökuhlið í rásmarki og lýkur þegar keppandi fer yfir tímátökuhlið í endamarki.

5.3.14 Sé keppandi í U13, U15, U17 eða Junior flokk með hraðasta tíma á Íslandsmóti telst sá aðili Íslandsmeistari og fær því titil og verðlaun miðað við Elite flokk, óháð hvaða flokk viðkomandi var skráður til leiks fyrir mót auk þess sem viðkomandi fær verðlaun fyrir sinn flokk. UCI stig fyrir Íslandsmót eru ávallt veitt í hlutfalli við tíma viðkomandi en ekki flokk samkvæmt reglu 4.1.006 í reglubók UCI.

5.3.15 Braut skal tilkynnt með að lágmarki 4 vikna fyrirvara. Leyfilegt er að bæta við nýjum eða bæta núverandi eiginleika (e. features) þangað til til viku fyrir mót.

Eftir það er einungis heimilt að sinna nauðsynlegu viðhaldi í braut en ekki bæta við nýjum eiginleikum eða gera stórvægilegar breytingar.

Ef óviðráðanleg utanaðkomandi atvik valda því að breyta þarf braut með stuttum fyrirvara skal það tilkynnt eins fljótt og auðið er.

5.4 Enduro

5.4.1 Keppni í Enduro inniheldur nokkrar ferjuleiðir og sérleiðir. Heildartími er samsettur tími allra sérleiða.

5.4.2 Enduro braut samanstendur af ýmsu utanvegarlandslagi. Brautin skal samsett af þröngum og víðum slóðum, hægfara og hröðum köflum yfir mismunandi undirlag.

5.4.3 Sérleiðir skulu vera að mestu leyti niður í móti. Leyfilegt er að hlutar sérleiðar séu upp en þó ekki meira en 10% af heildarvegalengd.

5.4.4 Hjáleið skal vera til staðar á öllum stærri bil-stökkum (e. Gap jump) eða falli (e. Drop).

5.4.5 Upphaf og endir sérleiða skal merktur á afgerandi hátt.

5.4.6 Engir lágmarks- eða hámarkstímar eru skilgreindir fyrir sérleiðir.

5.4.7 Ferjuleiðir mega innihalda aðstoð í formi skutlu, lyftu eða annað slíkt, nota eingöngu eigið afl keppenda eða blanda beggja. Einungis má nota aðstoð á vegum mótshaldara.

5.4.8 Einungis er heimilt að nota eitt stell, einn gaffal og eitt sett af gjörðum í hverri keppni.

5.4.9 Leiðin skal kyrfilega merkt með samblandi af merkiborða, stikum eða örvum. Þar sem einungis ein augljós leið er í boði þarf ekki að merkja brautina sérstaklega.

Hægt er að útbúa hlið með brautarkerkingum og skulu keppendur þá hjóla í gegnum hliðið.

Bannað er að stytta sér leið og skal keppnishaldari sjá til þess að augljósar styttri leiðir séu merktar svo enginn vafi sé á að bannað sé að hjóla þær.

5.4.10 Mótshaldara er heimilt að skilgreina opnunartíma sérleiða. Keppendur bera ábyrgð á því að koma sér eftir ferjuleiðum og í rásmark sérleiðar á skilgreindum tíma.

5.4.11 Að lágmarki 3 sérleiðir verða að vera í keppni. Samanlagður heildartími hraðasta keppenda skal ekki vera undir 10 mínútum.

5.4.12 Að lágmarki 15 sekúndur skulu vera á milli ræsinga í hverri sérleið.

5.4.13 Keppendur skulu sýna íþróttamannslega hegðun og hleypa hraðari keppendum fram úr án þess að hindra för.

5.4.14 Það er í höndum mótshaldara að meta keppnisbraut og ákvarða hvaða og hvort boðið er upp á barna- og ungmennaflokka fyrir hvert mót.

Kafli 6 - Cyclo-Cross

6.1 Keppnisreglur í Cyclocross

6.1.1 Þegar keppendur hafa hjólað uppgefinn tíma skal síðasti hringur tilkynntur með bjöllu.

6.1.2 Sé fleiri en einn flokkur í braut á sama tíma skulu keppendur aðgreindir með lit, númeraröð eða öðrum hætti svo auðvelt sé að sjá í hvaða flokki keppendur eru.

6.1.3 Ef U23 og Elite flokkar keppa í sömu braut, með sama rástíma og sömu keppislengd telst það sem ein keppni.

A. UCI stig eru þó gefin miðað við heildar úrslit, óháð flokkaskiptingu.

B. Ef U23 keppandi vinnur mótið telst hann sigurvegari í Elite flokki og fær einnig verðlaun fyrir U23

6.2 Keppnisbraut

6.2.1 Brautin skal vera lokaður eða vel afmarkaður hringur sem er að lágmarki 1,5 km og að hámarki 3,5 km og a.m.k. 90% af braut þarf að vera hjólanleg.

6.2.2 Brautin skal innihalda vegi, gras og stíga til skiptis þannig að tryggt sé að keppnishraði breytist í hverjum hring og til að tryggja að keppendur fái einhvern tíma til að jafna sig eftir mjög erfiða kafla í brautinni.

6.2.3 Braut skal ávallt vera vel merkt og afmörkuð. Brautarverðir gæta brautar. Banna skal notkun hluta í braut sem geta verið hættulegir keppendum, svo sem víra, málmhluta og málmstaura. Braut má ekki heldur innihalda aðra hluti sem eru hættulegir keppendum.

6.2.4 Ef viðarplankar eru notaðir sem hindrun í braut þarf að staðsetja þá með 4-6 metra bili. Viðarplankar þurfa að vera heilir og ná sem hindrun yfir alla brautina. Hámarkshæð þeirra er 40 cm. Notkun planka úr málm eru óheimil.

6.2.5 Braut skal vera tilbúin og uppsett a.m.k. 60 mínútum fyrir keppni þannig að keppendur geti skoðað endanlega braut tímanlega og æft sig í henni.

6.2.6 Enginn skal hjóla brautina síðustu 5 mínútur fyrir ræsingu.

6.2.7 Ef viðgerðaraðstoð er leyfð í keppni skal hún fara fram á sérstöku skilgreindu viðgerðarsvæði. Einungis eitt slíkt svæði er leyfilegt á hring.

6.2.8 Viðgerðaraðstoð og hjólaútskipti eru einungis leyfð á skilgreindu viðgerðarsvæði.



HJÓLTREIÐASAMBAND ÍSLANDS

Viðauki 1 - Fylgdarbílar í götuhjóltreifum

Uppfært 4. maí 2022

Kafla 1 - Skráning, fjöldi og merkingar fylgdarbíla

1.1 Fylgdarbíll þarf að fá sérstakt leyfi mótstjórnar til að vera í skilgreindri keppnisbraut meðan á keppni stendur. Sé slíkt leyfi ekki til staðar getur mótstjórn eða dómari vikið tengdum keppanda eða keppendum úr keppni.

1.2 Telji dómari og/eða mótstjórn að fylgdarbíll hafi truflandi áhrif á framgang keppni eða ógni öryggi keppenda eða annara vegfarenda er hægt að dæma fylgdarbíl úr braut. Hann skal þá yfirgefa keppnishóp og fara beint í endamark. Óhlíðnist fylgdarbíll þessum fyrirmælum má dæma tengda keppendur úr keppni.

1.3 Upplýsingar um skráningu fylgdarbíla er að finna í keppnishandbók og/eða á skráningarsíðu fyrir keppni. Skrá þarf eftirfarandi upplýsingar fyrir hvern fylgdarbíl:

a) Bíltegund, litur bíls, bílnúmer, nafn ökumanns, símanúmer ökumanns eða aðstoðarmanns og keppendur sem viðkomandi fylgir.

1.4 Mótstjórn skal útvega dómara lista yfir fylgdarbíla áður en keppni hefst.

1.5 Fylgdarbílar skulu fylgja félögum/liðum en ekki einstaklingum, fjöldi fylgdarbíla miðast við:

- keppendur per fylgdarbíl í fullorðinsflokkum.
- 2 keppendur per fylgdarbíl í barna og unglingsflokkum.
- Ef einungis einn keppandi er frá félagi/liði er hægt að fá undanþágu hjá mótstjóra.

1.6 Mótstjóri skilgreinir upphafsstað og lokastað fylgdarbíla í hverri keppni.

- Hvar fylgd byrjar með keppni – staðsetning og tími
- Hvar fylgd lýkur með keppni - staðsetning

1.7 Allir bílar í braut á vegum eða með heimild mótstjórnar eiga að vera merktir í afturrúðu og hliðarrúðum með einkennisstaf. Einnig má í samráði við HRÍ útbúa segulmerki á bíla sem þykir þá fullnægjandi merking:

Dómarabílar – D

Ljósmyndarabílar og álíka - M

Aðrir bílar mótstjórnar – K

Fylgdarbílar – F

Fylgdarbílar skulu einnig vera merktir í framrúðu (neðst hægra megin), þó ekki þannig að byrgi bílstjóra sýn.

Kafli 2 - Almennar reglur um fylgdarbíla

2.1 Fylgdarbílar eru leyfðir í brautinni til að aðstoða keppendur í Íslands- eða bikarmóti. Ekki er heimilt að vera með fylgdarbíla í almenningsflokki.

2.2 Fylgdarbílar skulu fylgja í einu og öllu reglum HRÍ og viðkomandi mótstjórnar um fylgdarbíla.

2.3 Keppnishaldari í götuhjólakeppni getur sett takmarkanir á ferðir ökutækis sem tengt er keppanda eða keppendum.

2.4 Fylgdarbílar skulu í einu og öllu fara eftir fyrirmælum dómara og skulu alltaf keyra á eftir dómara en aldrei nær dómarabíl en sem nemur tveimur bíllengdum.

2.5 Fylgdarbílar mega aldrei vera á milli dómarabíls og keppenda nema með sérstöku leyfi dómara.

2.6 Þegar tími á milli hópa er orðinn nægur til að dómari telur það vera öruggt að fara á milli hópa færir dómarabíllinn sig á milli hópanna og þeir fylgdarbílar sem eiga liðsmenn í þeim hóp fylgja á eftir en aðrir elta sinn hóp.

2.7 Fylgdarbílar mega aldrei vera á ferð fyrir framan fremsta keppanda sem hann fylgir og aldrei fyrir framan aðra keppendur nema það séu að minnsta kosti 50 metrar í næsta keppanda fyrir aftan, varast þer að næsti hópur hagnist af kjölsogi við bíla.

2.8 Fylgdarbíll keppanda sem aðrir keppendur eru að ná skal skal færa sig tímanlega úr vegi og staðsetja fyrir aftan fylgdarbíla hraðari keppenda.

2.9 Fylgdarbíll hraðari keppanda er fer fram úr öðrum keppendum má ekki fara framfyrir hægari keppendur fyrr en öruggt bil myndast og hægari keppendur hagnist ekki á framúrakstri.

2.10 Ætlast er til að fylgdarbílar séu af fólksbílagerð. Mótshaldari getur sett stærðartakmarkanir á fylgdarbíla í sínum mótum.

2.11 Fylgdarbílar sem fylgja flokkum eiga að raðast upp í stærðarröð þannig að lægsti bíllinn sé fremst og sá hæsti aftast og tryggja þannig öryggi og yfirsýn umferðar sem þarf að fara framúr.

2.11 Fylgdarbílar skulu alltaf fylgja umferðarlögum og leitast við að auðvelda annarri umferð að komast fram úr hópum þannig ekki stafi hætta af fyrir keppendur í móti.

2.12 Frá og með keppnistímabilinu 2022 skulu allir fylgdarbílar hafa meðferðis VHF talstöðvar sem forritaðar inn á rásir HRÍ. Kveikt skal vera á stöðinni alla keppnina til að hægt sé að taka við skilaboðum frá mótstjórn eða dómara.

Kafli 3 - Almenna reglur um aðstoð við keppendur.

3.1 Ef bílstjóri er einn í fylgdarbíl má hann einungis veita aðstoð þegar fylgdarbíllinn er kyrr. Bílstjóri má aldrei veita aðstoð á ferð. Bílstjóri getur fengið leyfi dómara til að fara framfyrir og yfirgefa hópinn til að stöðva á öruggum stað til að rétta næringu þegar keppendur koma framhjá.

3.2 Þegar bílstjóri er með aðstoðarmanneskju í bílnum, eina eða fleiri, er honum heimilt að veita aðstoð, svosem rétta næringu eða gefa millitíma úr fylgdarbílnum á ferð frá hægri hlið ökutækis. Ekki má þó fara fram úr dómaraþíl án leyfis frá dómara.

3.3 Öll samskipti milli keppanda og fylgdarbíls skulu fara fram þegar keppandi er aftast í sínum keppnishópi og keppandi er á hægri helmingi vegar.

- a. Bannað er að smyrja keðju keppanda á ferð.
- b. Aðstoðarfólk í fylgdarbíl má rétta drykkjarföng og aðra næringu úr bílnum á ferð, en er ekki heimilt að teygja sig eða halla sér út úr fylgdarbíl á ferð.
- c. Ef fylgdarmótorhjól er leyft í keppni má það einungis bera aukagjarðir og ekkert annað.

3.4 Ekki má veita aðstoð um drykki eða næringu fyrstu 30 km og síðustu 15 km af keppni. Mótstjórn skilgreinir frekar og getur notast við ákveðin kennileiti í keppnisbraut, frekar en fasta kílómetratölu. Heimilt er þó að koma keppendum til aðstoðar lendi þeir í bilun.

Viðauki 2 - Tafla fyrir girhlutfall og vegalengd á einum snúningi

Taflan sýnir hversu langt hjól fer á einum pedala snúningu miðað við 700c og 650c dekkjastærðir. Hana má nota til að sjá leyfilegar samsetningar fyrir yngri flokka í götuhjólreiðum

Leyfileg hámarksvegalengd á einum pedala snúningi í barna og ungmennaflokkum:

Flokkur	Vegalengd	Litakóði - Bannað í flokknum			
Junior	7.93m				
U17	7.01m				
U15	6.35m				
U13	5.89m				
U11	5.89m				

700c Dekk

	11	12	13	14	15	16	17	18	19	20	21	22	23	24	25	Kasetta
38	7,29	6,68	6,17	5,73	5,35	5,01	4,72	4,45	4,22	4,01	3,82	3,64	3,49	3,34	3,21	
39	7,48	6,86	6,33	5,88	5,49	5,14	4,84	4,57	4,33	4,11	3,92	3,74	3,58	3,43	3,29	
40	7,67	7,03	6,49	6,03	5,63	5,28	4,96	4,69	4,44	4,22	4,02	3,84	3,67	3,52	3,38	
41	7,86	7,21	6,65	6,18	5,77	5,41	5,09	4,81	4,55	4,33	4,12	3,93	3,76	3,60	3,46	
42	8,06	7,39	6,82	6,33	5,91	5,54	5,21	4,92	4,66	4,43	4,22	4,03	3,85	3,69	3,54	
43	8,25	7,56	6,98	6,48	6,05	5,67	5,34	5,04	4,78	4,54	4,32	4,12	3,94	3,78	3,63	
44	8,44	7,74	7,14	6,63	6,19	5,80	5,46	5,16	4,89	4,64	4,42	4,22	4,04	3,87	3,71	
45	8,63	7,91	7,30	6,78	6,33	5,93	5,59	5,28	5,00	4,75	4,52	4,32	4,13	3,96	3,80	
46	8,82	8,09	7,47	6,93	6,47	6,07	5,71	5,39	5,11	4,85	4,62	4,41	4,22	4,04	3,88	
47	9,02	8,26	7,63	7,08	6,61	6,20	5,83	5,51	5,22	4,96	4,72	4,51	4,31	4,13	3,97	
48	9,21	8,44	7,79	7,23	6,75	6,33	5,96	5,63	5,33	5,06	4,82	4,60	4,40	4,22	4,05	
49	9,40	8,62	7,95	7,39	6,89	6,46	6,08	5,74	5,44	5,17	4,92	4,70	4,50	4,31	4,14	
50	9,59	8,79	8,12	7,54	7,03	6,59	6,21	5,86	5,55	5,28	5,02	4,80	4,59	4,40	4,22	
51	9,78	8,97	8,28	7,69	7,17	6,73	6,33	5,98	5,66	5,38	5,12	4,89	4,68	4,48	4,30	
52	9,97	9,14	8,44	7,84	7,31	6,86	6,45	6,10	5,77	5,49	5,22	4,99	4,77	4,57	4,39	
53	10,17	9,32	8,60	7,99	7,46	6,99	6,58	6,21	5,89	5,59	5,33	5,08	4,86	4,66	4,47	
54	10,36	9,50	8,76	8,14	7,60	7,12	6,70	6,33	6,00	5,70	5,43	5,18	4,95	4,75	4,56	
55	10,55	9,67	8,93	8,29	7,74	7,25	6,83	6,45	6,11	5,80	5,53	5,28	5,05	4,84	4,64	

Tannhjól

650c Dekk

	11	12	13	14	15	16	17	18	19	20	21	22	23	24	25	Kasetta
38	6,91	6,34	5,85	5,43	5,07	4,75	4,47	4,22	4,00	3,80	3,62	3,46	3,31	3,17	3,04	
39	7,09	6,50	6,00	5,57	5,20	4,88	4,59	4,34	4,11	3,90	3,72	3,55	3,39	3,25	3,12	
40	7,28	6,67	6,16	5,72	5,34	5,00	4,71	4,45	4,21	4,00	3,81	3,64	3,48	3,34	3,20	
41	7,46	6,84	6,31	5,86	5,47	5,13	4,83	4,56	4,32	4,10	3,91	3,73	3,57	3,42	3,28	
42	7,64	7,00	6,46	6,00	5,60	5,25	4,94	4,67	4,42	4,20	4,00	3,82	3,65	3,50	3,36	
43	7,82	7,17	6,62	6,15	5,74	5,38	5,06	4,78	4,53	4,30	4,10	3,91	3,74	3,59	3,44	
44	8,00	7,34	6,77	6,29	5,87	5,50	5,18	4,89	4,63	4,40	4,19	4,00	3,83	3,67	3,52	
45	8,19	7,50	6,93	6,43	6,00	5,63	5,30	5,00	4,74	4,50	4,29	4,09	3,92	3,75	3,60	
46	8,37	7,67	7,08	6,57	6,14	5,75	5,41	5,11	4,84	4,60	4,38	4,18	4,00	3,84	3,68	
47	8,55	7,84	7,23	6,72	6,27	5,88	5,53	5,22	4,95	4,70	4,48	4,27	4,09	3,92	3,76	
48	8,73	8,00	7,39	6,86	6,40	6,00	5,65	5,34	5,06	4,80	4,57	4,37	4,18	4,00	3,84	
49	8,91	8,17	7,54	7,00	6,54	6,13	5,77	5,45	5,16	4,90	4,67	4,46	4,26	4,09	3,92	
50	9,10	8,34	7,70	7,15	6,67	6,25	5,89	5,56	5,27	5,00	4,76	4,55	4,35	4,17	4,00	
51	9,28	8,50	7,85	7,29	6,80	6,38	6,00	5,67	5,37	5,10	4,86	4,64	4,44	4,25	4,08	
52	9,46	8,67	8,00	7,43	6,94	6,50	6,12	5,78	5,48	5,20	4,95	4,73	4,52	4,34	4,16	
53	9,64	8,84	8,16	7,58	7,07	6,63	6,24	5,89	5,58	5,30	5,05	4,82	4,61	4,42	4,24	
54	9,82	9,00	8,31	7,72	7,20	6,75	6,36	6,00	5,69	5,40	5,15	4,91	4,70	4,50	4,32	
55	10,01	9,17	8,47	7,86	7,34	6,88	6,47	6,11	5,79	5,50	5,24	5,00	4,79	4,59	4,40	

Tannhjól